

Vegna framkominnar stöðvunarkröfu er farið fram á að úrskurðarnefndin fái í hendur gögn er málið varða fyrir 25. maí n.k. og er Skútustaðahrepp gefinn kostur á að tjá sig um kröfuna til sama tíma. Frestur til að gera athugasemdir vegna kærunnar að öðru leyti er 30 dagar frá dagsetningu þessarar tilkynningar, sbr. 5. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. *Sveitarstjórn felur sveitarstjóra ásamt Jóni Jónssyni lögmanni að gæta hagsmuna sveitarfélagsins í málinu.*

- Lagt fram ódagsett erindi frá Jóni Bersa Ellingsen verkefnastjóra hjá Orkufjarskiptum hf, Krókhálsi 5c, 110 Reykjavík, þar sem sótt er um framkvæmdaleyfi vegna lagningar ljósleiðarastrengs frá Þeistareykjum að Hólasandi. Fylgigögn með umsókn eru lýsing umsækjanda á framkvæmdinni, umsögn Umhverfisstofnunar, yfirlýsing milli landeigenda og Orkufjarskipta um heimild til lagningar á ljósleiðaralögn og loftmyndir sem sýna áætlaða legu strengsins. Umsókn er með fyrirvara um jákvæða umsögn Minjastofnunar, það er gert til að tryggja að framkvæmdin dragist ekki inn í veturinn og verkið verði óframkvæmanlegt á þessu ári. Minjastofnun getur ekki gefið svar fyrr en útstikuð lagnaleið liggur fyrir og leið hefur verið gengin af fornleifafræðingi. Lagnaleið verður stikuð út eins fljótt og hægt er (þegar snjóá leysir) og umsókn minjavarðar mun liggja fyrir fljótlega eftir það. *Sveitarstjórn samþykkir umsókn Orkufjarskipta um framkvæmdaleyfi vegna lagningar ljósleiðara frá Þeistareykjum að Hólasandi innan sveitarfélagamarka Skútustaðahrepps með þeim fyrirvörum sem tilgreindir eru í erindinu. Jafnframt samþykkir sveitarstjórn að fela skipulags- og byggingarfulltrúa að gefa út framkvæmdaleyfið í samræmi við reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012 þegar endanleg lagnaleið og umsögn Minjastofnunar liggur fyrir.*
- Aðalfundur Kjarna ehf verður haldinn þriðjudagskvöldið 31. maí kl. 20:30 í húsnæði Seiglu á Laugum. Sveitarstjórn samþykkir að Friðrik Jakobsson fari með atkvæðisrétt sveitarfélagsins á fundinum.
- Sveitarstjóri fór yfir helstu verkefni sem unnið hefur verið að frá síðasta reglubundna fundi sveitarstjórnar.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 10:00

Yngvi Ragnar Kristjánsson
Helgi Héðinsson
Guðrún Brynleifsdóttir
Sigurður G. Böðvarsson
Friðrik Jakobsson
Jón Óskar Pétursson

Mýflugan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Hrafnhildur Geirsdóttir
Sími: 464 4343, 866 0311
Netfang: myflugan@emax.is

20. tbl. 8. árg. miðvikudaginn 1. júní 2016

Afmælisbörn dagana 2. júní — 8. júní 2016

- Ásdís Erla Jóhannesdóttir.
- Guðrún Benediktsdóttir, Júlíus Gunnar Björnsson.
- Hrafnhildir Geirsdóttir.
- Agla Rögnvaldsdóttir, Guðrún A. Benónýsdóttir, Kjartan Þ. Sigurðsson, Unnur Þóra Jökulsdóttir.
- Íris Hrund Stefánsdóttir, Þórunn Einarsdóttir.



Feringarguðsþjónusta með altarisgöngu verður í Skútustaðakirkju n.k. laugardag 4. júní klukkan 11:00

Fermd verða:

Brynhildur María Hjartardóttir
Dóróthea Gerður Bin Örnólfsdóttir
Gunnar Bragi Einarsson
Ívar Helgi Einarsson

Sameinaðir kórar Skútustaðasóknar og Reykjahlíðarsóknar syngja.
Organisti og söngstjóri er Jörg Sondermann

Verið velkomin.
Sr.Örnólfur

Skútustaðakirkja.

Viljum minna á þrífín í kirkjunni okkar,
fimmtudagskvöldið 2. júní kl. 20:00.

Væri gaman að sjá ykkur, sóknarbörnin, sem flest.

Kaffi á staðnum og séra Örnólfur fer með gamanmál meðan þrifið er.

Sóknarnefndin.

Frá íþróttamiðstöð.

Opnunartímar í íþróttamiðstöðinni og þreksal verður milli kl. 10.00 og 21.00 alla daga í sumar frá 1. júní til 31. ágúst. Ef einhvern hefur áhuga að vera með tíma í sal endilega hafa samband við Ástu ims@myv.is

RÓSA MATTHÍASDÓTTIR - KUNDALINI JÓGAKENNARI

mun kenna Gong slökun/heilun (Gsh) og jóga hjá okkur í íþróttamiðstöðinni.

Komdu og vertu með. (Þú hefur engu að tapa en allt að vinna)

lau. 4. júní. kl. 16:30 - 17:15 - Gong slökun/heilun,

fim. 9. júní. kl. 17:30 - 18:45 - jóga,

lau. 11. júní. kl. 16:30 - 17:15 - Gong slökun/heilun,

mið. 15. júní. kl. 17:30 - 18:45 - jóga,

mán. 20. júní. kl. 17:30 - 18:45 - jóga,

lau. 25. júní. kl. 16:30 - 17:15 - Gong slökun/heilun .

Gott er að koma með hlý föt, peysu, sokka etv.

Með fyrirvara um breytingar. Höldum áfram lengra fram í sumarið og jafnvel haustið ef vel gengur hjá okkur.

Stakur tími 1.800 kr. ef keyptir eru tveir stakir fyrst, má sú upphæð ganga upp í 5 eða 10 tíma kort. 5 skipta kort 7.500 kr. gildir í 3 mánuði. 10 skipta kort 14.000 kr. gildir í 6 mánuði.

Vinsamlega greiðið með peningum.

KORT munu einnig gilda á Akureyri, LótusLINDIN, Grænugötu 10, 2. hæð, sem mun opna um miðjan júlí.

Lítill og persónuleg LótusLIND, er mottó-ið þar sem traust, friður og jafnvægi ríkir.

Liður 6. Vaðalda. Tillaga að deiliskipulagi og umsókn um framkvæmdaleyfi. Skipulagsnefnd telur mikla almanna- og öryggishagsmuni felast í því að tryggja rekstur fjarskiptastöðvar á Vaðöldu eins og sýndi sig við eldsumbrot í Holuhrauni á síðasta ári. Nefndin telur að sýnt hafi verið fram á að fyrirhuguð vatnsaflsvirkjun muni hafa minni umhverfisáhrif í för með sér en aðrir valkostir sem komu til álita og auk þess verða fyrirhugaðar framkvæmdir utan alfararleiðar og lítt sýnilegar nema á mjög takmörkuðu svæði. Að mati nefndarinnar eru umræddar framkvæmdir afturkræfar og auðvelt að afmá flest vegsummerki ef takast mun í framtíðinni að rafvæða fjarskiptabúnað á Vaðöldu með umhverfisvænni aðferðum. Skipulagsnefnd tekur undir sjónarmið Umhverfisstofnunar og telur brýnt að vandað verði til verka þannig að áhrif mannvirkjagerðarinnar sjálfrar verði sem minnst á jarðmyndanir og ásýnd svæðisins og dragi ekki úr jákvæðum áhrifum rafvæðingarinnar.

Sveitarstjórn tekur undir sjónarmið skipulagsnefndar og samþykkir deiliskipulagstillöguna og felur jafnframt skipulags- og byggingarfulltrúa að annast gildistöku hennar eins og skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um.

Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina að öðru leyti.

- Lagt fram til kynningar yfirlit um fjárhagsstöðu fyrstu fjóra mánuði ársins og samanburður við fjárhagsáætlun. Reksturinn er almennt í samræmi við áætlanir.
- Í bréfinu er gerð athugasemd við ákvörðun sveitarstjórnar frá 31. mars 2016 þess efnis að þau íbúaðarhús sem leyfi hafa til reksturs heimagingingar í flokki I skuli greiða fasteignagjöld skv. C flokki.
Sveitarstjórn frestar afgreiðslu og óskar eftir að skipulagsnefnd taki málið til umfjöllunar.
- Í ljósi þess að endurgreiðslur fyrir refaveiðar árið 2014 og 2015 voru lægri en áætlanir sveitarfélaga gerðu ráð fyrir hækka endurgreiðslur til sveitarfélaga fyrir árið 2016 um 5%.
Endurgreiðsluhlutfall Skútustaðahrepps nemur því 38% fyrir árið 2016 (var 33% fyrir árið 2014 og 35% árið 2015) sbr.samningi Umhverfisstofnunar og Skútustaðahrepps um refaveiðar árin 2014 - 2016.
Heildargreiðsla til Skútustaðahrepps, sbr. b-lið 2. mgr. 4. gr. samningsins, getur því numið að hámarki alls kr. 2.243.400 fyrir árið 2016. Lagður fram tilkynningar viðauki við áður nefndan samning vegna þessa.
- Í bókuninni eru ítrekuð fyrri tilmæli stofnunarinnar til Skútustaðahrepps um úrbætur í fráveitumálum með vísan til gildandi laga og reglugerða með það að markmiði að draga úr álagi í Mývatni af völdum næringarefna. Jafnframt er mælt til þess að ríkisvaldið veiti fjármagni til þessara brínu framkvæmda. Lagt fram til kynningar.
- Í bréfinu er tilkynnt um stjórnvaldskæru Landverndar og Fjöreggs dags. 17. maí 2016, þar sem kærð er ákvörðun sveitarstjórnar Skútustaðahrepps um að fela skipulagsfulltrúa að gefa út framkvæmdaleyfi til Landsnets hf. fyrir framkvæmdinni Kröflulínu 4.
Í kærinni er gerð krafa um stöðvun framkvæmda til bráðabirgða.



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps

36. fundur

Haldinn að Hlíðavegi 6, miðvikudaginn 25. maí 2016, kl 09:15.

Mætt: Yngvi Ragnar Kristjánsson, Sigurður G. Böðvarsson, Helgi Héðinsson, Guðrún Brynleifsdóttir, Friðrik Jakobsson, og Jón Óskar Pétursson sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning
2. Fundargerð skipulagsnefndar frá 17. maí 2016
3. Fjármál sveitarfélagsins- rekstaryfirlit jan. - apríl 2016
4. Bréf eigenda fasteignanna Helluhrauns 12 og Helluhrauns 13 dags. 4. maí 2016
5. Bréf Umhverfisstofnunnar vegna samings um refaveiðar dags. 5. apríl 2016
6. Bókun heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra dags. 11. maí 2016
7. Bréf úrskurðarnefndar umhverfs og auðlindamála dags. 18. maí 2016
8. Bréf Orkufjarskipta ódagsett.
9. Aðalfundur Kjarna ehf.
10. Skýrsla sveitarstjóra – munnleg

Efni til kynningar

Ársskýrsla og ársreikningur Náttúrustofu Norðausturlands 2015
Fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 29. apríl 2106

Afgreiðslur.

1. Oddviti setti fund og lagði til að nýjum lið 8. *Bréf Orkufjarskipta ódagsett* og nýjum lið 9. *Aðalfundur Kjarna ehf.* yrði bætt á dagskrá. Aðrir liðir færast aftur sem því nemur. Samþykkt samhljóða.
2. Fundargerð skipulagsnefndar frá 17. maí 2016. Fundargerðin er í níu liðum.

Liður 1 . Arnarvatn 1. Umsókn um stofnun lóðarhluta.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við stofnun lóðarhlutans og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að stofna hann í landeignaskrá Þjóðskrár.

Liður 2 . Arnarvatn 2. Umsókn um stofnun lóðarhluta.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við stofnun lóðarhlutans og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að stofna hann í landeignaskrá Þjóðskrár.

Liður 3 . Arnarvatn 3. Umsókn um stofnun lóðarhluta.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við stofnun lóðarhlutans og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að stofna hann í landeignaskrá Þjóðskrár.

Liður 4 . Arnarvatn 4. Umsókn um stofnun lóðarhluta.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við stofnun lóðarhlutans og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að stofna hann í landeignaskrá Þjóðskrár.

Mývatnsmaraton.

Nú er um að gera að skella sér í hlaupaskóna og taka þátt í Mývatnsmaraton í sól og blíðu.
Hið árlega Mývatnsmaraton verður þreytt laugardaginn 4. júní.
Hlaupið hefst og endar í Jarðböðunum við Mývatn.
Keppt verður í maraton, ½ maraton, 10 km og 3 km.

Allir sem ljúka keppni fá verðlaunapening, stuttermabol merktan hlaupinu, grillveislu og ókeypis í Jarðböðin við Mývatn.
Einnig verða veitt sérstök útdráttarverðlaun.

Upplýsingar um verð, skráningu og tímasetningar er að finna á www.visitmyvatn.is og hægt verður að skrá sig til leiks fram á keppnisdag.



Götusópur.

Mánudaginn 6 júní n.k verður götusópur hér á ferðinni.

Ef einhverjir vilja láta sópa hjá sér plön oþh. eru áhugasamir beðnir um að hafa samband við Lárus í síma 862 4163 helst fyrir helgina.

Afmæli.

Gamli bærinn kaffihús
fagnar 20 ára afmæli 8. júní
og þá verður veisla.

Nánar auglýst síðar.

